

5. gr.

49

20. marz

41. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:

Af heildarafla skips greiðast kr. 6.00 af hverri smálest af slægðum fiski með haus, sem landað er á hafnarvæðinu, nema af sild, Af hverju máli eða tunnu sildar greiðast kr. 0.50. Kaupandi skal innheimta aflagjaldið og standa skil á því til hafnar-sjóðs innan hálfmánaðar frá móttöku aflans.

Heimilt er hafnarnefnd að semja um aflagjald af heimabátum.

6. gr.

46. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:

Hafnsögugjöld skulu greiðast samkvæmt eftirfarandi gjaldskrá, miðað við brúttó-smálest:

- a. Fyrir leiðsögu til hafnarinnar 100 krónur fyrir hvert skip, allt að 300 smálestir brúttó, og 15 aurar fyrir hverja smálest þar yfir.
- b. Fyrir leiðsögu frá höfninni 100 krónur fyrir hvert skip, allt að 300 smálestir brúttó, og 5 aurar fyrir hverja smálest þar yfir.
- c. Fyrir leiðsögu um höfnina greiðist hálf gjald samkv. a-lið.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og lendingarbætur, til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt falla úr gildi auglýsingar nr. 264 8. des. 1950 og nr. 9 19. jan. 1951, um breyting á hafnarreglugerð Sauðárkróks, nr. 67 14. maí 1949.

Samgöngumálaráðuneytið, 20. marz 1953.

Ólafur Thors.

Brynjólfur Ingólfsson.

REGLUGERÐ

50

23. marz

um breyting á reglugerð nr. 195 15. nóv. 1951, um hina almennu deild hlutatryggingasjóðs bátaútvegsins.

1. gr.

3. gr. c. 4 reglugerðarinnar orðist svo:

4. svæði: Rifstangi — Langanes
15. maí — 15. október.
5. svæði: Langanes — Digranes
15. maí — 30. september.
6. svæði: Digranes — Kollumúli
1. júní — 15. október.
7. svæði: Kollumúli — Glettinganes
1. júní — 15. september.
8. svæði: Glettinganes — Gerpir
1. júní — 15. október.

3. gr. c. 5:

5. svæði verður: 9. svæði.

2. gr.

3. gr. d. reglugerðarinnar orðist svo:

Fyrir skip í V. flokki:

50
23. marz

1. svæði: Vestmannaeyjar — Reykjanes
1. febrúar — 15. júní.
2. svæði: Reykjanes — Horn
1. febrúar — 15. júní
15. júní — 31. október.
3. svæði: Horn — Langanes
15. febrúar — 15. júní
15. september — 15. nóvember.
4. svæði: Langanes — Hornafjörður
1. febrúar — 1. júní.

3. gr.

4. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Berist sjóðstjórninni umsókn um bætur úr sjóðnum, skal hún þegar rannsaka aflabrögð á viðkomandi veiðisvæði. Leiði sú rannsókn í ljós, að um aflabrest hafi verið að ræða, skal ráðherra samkv. tillögum sjóðstjórnar, og eftir að leitað hefur verið samþykkis Landssambands ísl. útgerðarmanna, Alþýðusambands Íslands og Fiskifélags Íslands, ákveða meðalveiðimagn fyrir svæðið, og skal það gilda sem meðalveiðimagn, er reikna skal út bótagreiðslur úr sjóðnum.

Meðalveiðimagn þetta gildir þó aðeins við útreikning bóta úr sjóðnum fyrir þau skip, sem eigi hafa skemmri úthaldstíma en ákveðinn er í reglugerðinni fyrir viðkomandi svæði, en lækkar hlutfallslega ef úthaldstíminn er styttri.

Bráðabirgðaákvæði:

Ákvæði þessarar reglugerðar, að því er varðar IV. og V. flokk, skulu taka til tímabilsins frá 1. jan. 1951.

Reglugerðarbreyting þessi er sett samkv. lögum nr. 48 25. maí 1949, um hluta-tryggingasjóð bátaútvegsins, og öðlast gildi þegar í stað.

Atvinnuálaráðuneytið, 23. marz 1953.

Ólafur Thors.

Gunnl. E. Briem.

51
24. marz Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Benedikts Sveinssonar, sýslumanns“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 24. marz 1953.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Benedikts Sveinssonar, sýslumanns.

1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður með dánargjöf frá Ragnheiðar Benediktsdóttur á Akureyri, til minningar um föður hennar, Benedikt Sveinsson, sýslumann. Stofnfé er kr. 10800.00.

2. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Benedikts Sveinssonar, sýslumanns.